

19. fundur stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest) haldinn þann 11. apríl, kl: 13:30 í gegnum fundasíma símanns

Mætt voru í síma Andrea K Jónsdóttir, formaður, Gísli Halldór Halldórsson, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Indriði Indriðason og Pétur G Markan. Auk þeirra sat fundinn Sif Huld Albertsdóttir, framkvæmdastjóri BsVest sem einnig ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Uppgjör ársins 2017
2. Önnur mál

1. Uppgjör ársins 2017.

Framkvæmdastjóri kynnir uppgjör BsVest fyrir árið 2017, aðalbækur þjónustuvæðanna ásamt staðgreiðsluuppgjóri sveitarfélagana sem kom út á heimasíðu sambands íslenskra sveitarfélaga í febrúar sl.

(<http://www.samband.is/verkefningin/fjarmal-sveitarfelaga/birtingaaetlun/>)

Gert er ráð fyrir -1.586.398 kr. mismun á framlögum jöfnunarsjóðs og staðgreiðsluuppgjör BsVest og aðalbókum þjónustuvæðanna og BsVest. Framkvæmdastjóri fór yfir hvert og eitt þjónustuvæði og skýrði út breyturnar.

Ísafjarðarbær	-6.834.994	
Við Djúp	-2.684.794	
Strandabyggð og Reykhólahreppur	8.718.117	7.517.511
Vestur-Barðastrandarsýsla	-413.335	
BsVest	2.801.404	2.415.612

Velferðarsvið Ísafjarðarbæjar: mismunur á framlögum BsVest og aðalbók þjónustuvæðisins með 3% umsýslugjaldi, ásamt staðgreiðsluuppgjóri gerir ráð fyrir að velferðarsvið Ísafjarðarbæjar greiði BsVest til baka vegna greiðslu framlaga umfram aðalbók og umsýslugjalds 6.834.994 kr. sendur verður reikningur fyrir uppgjörinu.

Félagþjónustan við Djúp: mismunur á framlögum BsVest og aðalbók þjónustuvæðisins með 3% umsýslugjaldi, ásamt staðgreiðsluuppgjóri gerir ráð fyrir að félagþjónustan við Djúp greiði BsVest til baka vegna greiðslu framlaga umfram aðalbók og umsýslugjalds 2.684.794 kr. sendur verður reikningur fyrir uppgjörinu.

Félagþjónusta Stranda og Reykhólahrepps: mismunur á framlögum BsVest og aðalbóka þjónustuvæðisins með 3% umsýslugjaldi, ásamt staðgreiðsluuppgjóri gerir ráð fyrir að félagþjónusta Stranda og Reykhólahrepps fái greitt til baka frá BsVest 7.517.511 kr. sem greiðist inn á reikning félagþjónustunnar fyrir 1. maí nk.

Félagþjónusta Vestur- Barðastrandarsýslu: mismunur á framlögum BsVest og aðalbók þjónustusvæðisins með 3% umsýslugjaldi, ásamt staðgreiðsluuppgjöri gerir ráð fyrir að félagþjónusta Vestur Barðastrandarsýslu greiði BsVest til baka vegna greiðslu framlaga umfram aðalbók og umsýslugjalds 413.335 kr. sendur verður reikningur fyrir uppgjörinu.

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks: mismunur á framlögum til BsVest og aðalbók BsVest, gerir ráð fyrir að BsVest haldi eftir 2.415.612 kr.

2. Önnur mál.

Formaður stjórnar Andrea K. Jónsdóttir, biðst undan formennsku vegna persónulegra aðstæðna en vill halda áfram í stjórn BsVest fram að kosningu á aukafundi í september. Gísli Halldór Halldórsson leggur til að Pétur G Markan taki við formennsku fram að aukafundi sem haldinn verður í september nk. Pétur G Markan þakkar traustið og tekur við formennsku af Andreu K. Jónsdóttir Þakkar stjórn Andreu fyrir vel unnin störf sem formaður stjórnar BsVest.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14:00

Sif Huld Albertsdóttir framkvæmdastjóri.